

**Nd.**

**480. Nefndarálit**

**[15. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er um það að setja í skattalögin ný ákvæði um skattgreiðslu hjóna. Til fjárhagsnefndar hefur einnig verið vísað frumvarpi á þingskjali 27, um breyting á ákvæðum sömu laga um persónufrádrátt, og frumvarpi á þingskjali 236, um nýjar reglur varðandi frádrátt húsnæðiskostnaðar við skattaframtal.

Það er sameiginlegt um öll þessi 3 frumvörp, að samþykkt þeirra hefði í för með sér verulega lækkun á tekjuskatti af háum tekjum, en hins vegar mundu ákvæði þeirra hafa litla þýðingu fyrir þá, sem hafa lágar tekjur, því að tekjuskattur þeirra nemur nú aðeins litlum fjárhæðum.

Tillaga um heildarendurskoðun skattalaganna liggur nú fyrir sameinuðu Alþingi, og má telja líklegt, að þún verði samþykkt. Með skírskotun til þess, er það tillaga meiri hlutans, að frumvarpi þessu, svo og áður nefndum frumvörpum á þskj. 27 og 236, verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 17. des. 1951.

Skúli Guðmundsson,  
form., frsm.

Sig. Ágústsson,  
fundaskr.

Jóhann Hafstein.